

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

836. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. júní 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
2. Álit Lögmannna Suðurlandi.
3. Bréf Magnúsar Magnússonar, sóknarprests.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er mættur til fundar við byggðarráð.
 - a. Leikskólastjóri mætir til fundar undir lið a. Óskar hún eftir auknu stöðugildi við stuðning á leikskólann Ásgarð. Um er að ræða tvær 50% stöður vegna tveggja barna sem þurfa nauðsynlega á stuðningi að halda. Einnig óskaði hún eftir að byggðarráð taki sem fyrst ákvörðun um fyrirkomulag reksturs leik- og grunnskóla á Borðeyri. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs mælir með að erindi um aukið stöðugildi verði samþykkt í 5 mánuði til reynslu. Byggðarráð samþykkir beiðni um 100% stöðugildi til næstu áramóta og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs ásamt sviðsstjóra fjölskyldusviðs að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014 í samræmi við ofangreint.
 - b. Skólastjóri grunnskólans mætir til fundar. Farið yfir tillögur skólastjóra að breytingum á starfsmannahaldi í grunnskólanum sem frestað var á síðasta fundi. Byggðarráð samþykkir eftirfarandi tillögur sviðsstjóra vegna tillagna skólastjóra um:
 - i). uppsögn matráðs og aðstoðarmatráðs frá 1. ágúst nk.
 - ii). að bjóða þeim starfsmönnum sem sinnt hafa störfum í eldhúsi starf umsjónarmanns í eldhúsi, 1 staða með svarfresti til 20. júlí nk.,
 - iii) að endanlegur fjöldi starfsfólks skólans verði ákveðinn í ljósi reynslu næsta vetrar. Ákvörðun um yfirstjórn Borðeyrarskóla frestað til næsta fundar.
2. Lagt fram bréf Lögmannna Suðurlands dags 18.06.2014. Álitsgerð vegna landskipta Efri-Þverár. Á 830. fundi byggðarráðs var samþykkt að óska eftir áliti lögmannna vegna erindis Landslaga um skiptingu jarðarinnar Efri-Þverár, en þar var óskað eftir samþykki Húnaþings vestra á skiptingu jarðarinnar samkvæmt niðurstöðu matsmanna. Það er mat Lögmannna Suðurlands að hafna beri erindinu, þar sem sveitarfélagið hefur engar skyldur samkvæmt lögum að hafa aðkomu á landaskiptamáli sem þessu, þar sem ekki hafa náðst endanlegar sáttir um skiptin milli aðila. Byggðarráð samþykkir að fara að tillögu Lögmannna Suðurlands og vísa erindinu frá.
3. Lagt fram bréf Magnúsar Magnússonar, sóknarprests dags. 25. júní 2014. Þar sem óskað er eftir afnotum á húsnaði Húnaþings vestra vegna Landsmóts ÆSKP, sem haldið verður 24.-26. október n.k. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs afgreiðslu erindisins í samráði við forstöðumenn viðkomandi stofnana.
Samþykkt að taka á dagskrá.

4. Byggðarráð samþykkir að veita Guðrínu Ragnarsdóttur prókúruumboð fyrir Húnaþing vestra og undirfyrirtæki þar til nýr sveitarstjóri tekur til starfa.
5. Lögð fram drög að auglýsingu fyrir starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að auglýsa starfið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:05

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.